



AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS - ENDURSKOÐUN

Skipulaghópur – fundur 4

9. maí 2019.

Mættir

Guðfinna Hreiðarsdóttir (sumarhúsaeigendur og landeigendur), Salvar Baldursson (landeigendur – hlunnindanýting), Karl Guðmundur Kjartansson (smábátæigendur í Súðavík), Jóna Benediktsdóttir (náttúruvernd), Bragi Þór Thoroddsen (sveitarstjóri) og Gunnar Páll Eydal (Verkís).

Fundur settur kl. 17:05.

1. Umsagnir og breytingar á skipulagstillögu ásamt umræðum.

Gunnar Páll fór yfir helstu breytingar sem orðið hafa á greinargerðinni eftir kynningu á vinnslustigi og í umsagnarferlinu. Umræður um einstaka þætti.

- ✓ Stefna um víðerni

Í umsögnum Umhverfisstofnunar og Skipulagstofnunar var óskað eftir skýrari stefnu um víðerni. Bent var á þann kost að hverfisvernda víðernin í samræmi við Landsskipulagsstefnu.

- ✓ Virkjanir

Skipulagsstofnun taldi rétt að marka skýrari stefnu um stærri virkjanir í hreppnum. Vesturverk óskaði eftir því að Hvanneyrardalsvirkjun færi inn á aðalskipulagið.

Breyting

Mörkuð var skýrari stefna í þessum málum. Heimild er fyrir vegslóða vegna undirbúnings Hvanneyrardalsvirkjunar en virkjunin er ekki sett inn á skipulagið. Eðlilegt er að fá niðurstöður rammaáætlunar og kortlagningu víðerna áður en ákvörðun er tekin um stórar virkjanir á svæðinu. Sveitarfélögin þurfa einnig að marka sér sameiginlega stefnu í þessu máli.

- ✓ Kalkþörungaverksmiðja og landfylling

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða benti á líklega hljóð- og rykmengun og nefndi í því samhengi það sem hefur farið úrskeiðis á Bíldudal. HG telur þrengt að starfsemi sinni á Langeyri.

Breyting

Gerð var ítarlegri hljóðgreining og ákvæði um rykmengun eru tilgreind (þau sömu og á Bíldudal). Samhliða aðalskipulaginu vinnur Kalkþörungafélagið deiliskipulag fyrir svæðið. Byggingarmagn er talsvert meira en fram kom upphaflega í gögnum Kalkþörungafélagsins.

- ✓ Jarðgöng

Skipulagsstofnun telur ekki tímabært að marka stefnu um jarðgöng.

Breyting

Súðavíkurhreppur telur mikilvægt að hafa göngin í skipulaginu og sýna þannig stefnu sveitarstjórnar í málinu, þó svo að forsendur fyrir nákvæmri útfærslu liggja ekki fyrir. Breytingar ekki gerðar.

✓ Raflína í Djúpi

Bent var á að raflína í Djúpinu væri ekki í kerfisáætlun Landsnets.

Breyting

Súðavíkurhreppur telur mikilvægt að sýna raflínuna í aðalskipulaginu og sýna þannig stefnu sveitarstjórnar, þó svo að forsendur fyrir nákvæmri útfærslu liggja ekki fyrir.

✓ Hverfisvernd

Skipulagsstofnun gerði athugasemd við framsetningu á hverfisverndarákvæðum í þéttbýli.

Breyting

Höfum nú skýrt ákvæðin betur.

✓ Frístundabyggð í dreifbýli og þéttbýli

Skipulagsstofnun bað um rökstuðning vegna fjölda frístundahúsa í dreifbýli og hverfis í þéttbýli.

Breyting

Bættum við umbeðnum rökstuðningi.

✓ Náttúruminjaskrá

Vigur, Reykjanes og Borgarey – eru nú á B hluta náttúruminjaskrár, þ.e. tilnefndar til friðlýsingar af Náttúrufræðistofnun. Æskilegt að setja hverfisvernd.

Breyting

Reykjanes er hverfisverndað í tillögunni en ákveðið var að setja ekki hverfisvernd á Vigur og Borgarey núna. Mikilvægt er að gera það sátt við landeigendur. Skipulagsákvæðin vernda þó ágætlega náttúru- og menningarmínjar á viðkomandi svæðum.

✓ Efnisnámur

Óskað var eftir stærð efnistökusvæða

Breyting

✓ Nákvæmari upplýsingar voru settar fram um umfang náma. Einnig voru breytingar á svæðum.

Gert í samvinnu við Vegagerðina. Efnistökusvæði á Súðavíkurhlíð skilgreint betur en áður.

✓ Vistgerðir sem njóta verndar

Umhverfisstofnun telur að marka þurfi skýrari stefnu um vistgerðir sem njóta verndar.

Breyting

Sett voru skýrari ákvæði í greinargerðina í samræmi við ábendinguna.

✓ Samræmi við náttúruverndarlög

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að skipulagið taki tillit til náttúruverndarlaga og það sé í samræmi við þau.

Breyting

Yfirfarið og uppfært m.t.t. athugasemdar þar sem það á við.

✓ Smærri virkjanir

Skipulagsstofnun benti á að viðmið vegna umhverfismats eru 200 kW.

Breyting

Aðalskipulagið heimilar nú allt að 200 kW virkjanir á landbúnaðarsvæði. Áður var gert ráð fyrir allt að 300 kW. Þetta er gert til að samræma stærðir við lög um mat á umhverfisáhrifum. Sett var inn allt að 300 kW virkjun í Skötufirði skv. beiðni landeigenda á Kleifum vegna breytingar á stærðarmörkum.

- ✓ Útivistarsvæði við þéttbýli

Breyting

Svæði OP4 ofan byggðar stækkað eftir ábendingu frá íbúa. Þannig er gert ráð fyrir svæði fyrir sleðabrekku og útivistar- og íþróttaaðstöðu.

Aðrar breytingar

- ✓ Ýmsum viðbótarupplýsingum var bætt við þar sem óskað var eftir því af umsagnaraðilum.
- ✓ Uppsetning og færsla einstakra kafla eða textabrota.
- ✓ Bætt hefur verið við flokkun vega.
- ✓ Reið- og gönguleiðir voru lítillega uppfærðar.

2. Undirskriftir fulltrúa skipulagshópsins.

Með undirskrift staðfesta fulltrúarnir þátttöku sína í skipulagsvinnunni. Þeir sem ekki voru viðstaddir fundinn geta komið á skrifstofu hreppsins og skrifað undir.

Fundi slitið kl. 18:25.

Fundargerð ritaði Gunnar Páll Eydal